

Vel launub vinna.

Vér viljum fá 10 Íslendinga í hreinslega innviðinu vinnu. Kaup \$25-\$50 á viku, í þessum eða í sveitahorpu. Enga æfingu, en vilja og ástundun að nema rakaraðin. — Staða ábyrgt og öll áhöld gefna. Skrifstíð eða talið við Hemphill Barber College, 580 Main St., Winnipeg.

Heimskringla.

Staða fyrir 15 Íslendinga

Vér höfum stöður fyrir nokkra menn, er nema vilja að fara með og gefa við sig. — Staða ábyrgt og öll áhöld gefna. — Kaup strax. Baklingur ókeypis. — Skrifstíð eða talið við Hemphill Barber College, 580 Main, Street, Winnipeg.

XL. ARGANGUR.

The Provincial Library

WINNIPEG, MANITOBA, MIDVIKUDAGINN, 9. DESEMBER, 1925

NOMER 10

CANADA

Mikil ofvirkni gengu síðari hluta nóvembermánaðar, og urðu stórskemmdir á stórvötnum. Braut inn upp á báðum vötnum og gerði ógurlegan usla á netum. A Manitoba vatni braut 10—14 þumt. í alla leið frá Long Point og suður í vatnsenda, þvert yfir vatnið. Er áætlað að 3000—4000 slóngur hafi tapast. A Winnipeg vatni hafa og orðið stórskaðar, sem sjá má á öðrum stað hér í blaðinu. Var hin mesta mildi að ekki varð manntjón á vötnum.

Aukakosningar fóru fram á mánuðaginn í Bagot kjördæminu í Quebec. Dó þingmaðurinn er þar var kosinn nýlega, J. E. Marcile (lib.) skömmu eftir kosningarnar. Var harður bardagi háður þar nú, fyrir þessa aukakosningu, og var Right. Hon. Arthur Meighen þar helstur, af hálfu konservatíva, en ráðherrann fyrir fiskveiðar, Hon. P. J. H. Cardin og ríkisloftmaðurinn, Hon. Lucien Cannon af hendi liberala. Fyrir svo að liberalar unnu sigur, og var kosinn G. D. Morin, en með minni atkvæðafjölda fram yfir móstöðumann sinn, en hinn látni þingmaður hafði við sambandskosningarnar. Hafði hann 700 atkv. meirihluta, en nú var um 300 atkv. meirihluti.

Bracken forsetisráðherra Manitoba hefir lýst yfir því, að þingið muni koma saman 21. janúar 1926. Er þá viku seinna en í fyrra.

John R. Booth, "timburkonungur Canada", létt í ger, 98 ára að aldri. Hann var einna auðgastur maður í Canada; einkennilegur og merkilegur maður um flest. Hann mæðist við konungsdattina dönsku, var afi konu Eiríks Valdimarsonar Danaprins. Hann var af írskum ættum, en fæddur í Canada, bændasonur. Hann byrjaði búskapinn með sex dólum í reidu silfri.

Formaður Navy league, Sam Harris, hefir verið hér í Winnipeg nýlega. Er hann og meðlimir Navy league að berjast fyrir því, að Canada komi sér upp flota er það sjálft fari með, eins og t. d. Astralía, í stað þess að greiða \$30.000.000 til flötamála Breta, eins og Jellieco aðmíráll hefir lagt til.

Nefndin sem á að vera til líðsinnis atvinnulausum mönnum, er að reyna að komast að samningum við ráðherra opinberra verka, Mr. W. R. Clubb, um að stjórnmál láti meira af hendi rakna í ár en í fyrra til atvinnuleysinga. Stjórnmál greiddi \$47.601 í fyrra til þess, en neitaði að hjálpa ógífum mönnum, barnlausum. Aftur á móti greiddi stjórnmál 25% af þeirri hjálp sem mönnum með tvö eða fleiri börn var í té látn, og hóf að greiða 30% af kostnaði við þau verk er gerð væru af því opinbera til þess að minka atvinnuleysið.

T. C. Norris, fyrrverandi forsetisráðherra, er einn í vali í hinu forna kjördæmi sínu Landsdowne. Hann hefir setti á þingi fyrir það kjördæmi í 25 ár.

Hveitiverðir hefir alt af verið að súaþekka, þrátt fyrir hina miklu uppskeru í sumar. Þekka margir það hveitisamlaginu, sem fer sér að engu ósslega með sóluna. Fara vinsældir þess svaxandi og skilningur benda á því hvíll nauðsynjastofnun það fyrirtæki er. Er enginn vali á því, að fjöldi manna bestist við meðlimatölu þess á næsta sumri, ef

Samkvæmt stjórnskýrslum, voru \$477.729 veittir til að hressa upp í Hudsonsflóabautina í fyrra; til desemberloka 1924. Alt féð var og notað, enda fóru kosningar í hönd. Ekki eru enn fengnar skýrslur um hvað gengið hefir til brautarinnar í ár, en talið vist að það verði mun minna. Er nú talið að \$14.487.343.23 séu í brautinni — Við hafnarstæðið hefir sama og ekkert verið gert, síðan 1918. Standa \$6.244.598 í hafnargæðinni, og einum \$2.184 var varið til hennar árið sem endaði 31. marz 1925. — Standa þá alls \$20.731.941.52 í braut og hafnargæð.

Ýmsar fréttir.

Frá Jerúsalem er símað 3. þ. m., að Drisarín, er er uppreistina hófu í haust gegn Frökkum, veiti franska hernum hinar hördustu árásir nálægt Damascus. Hefir uppreistun breiðst út öðfluga síðan Sarraíl, hershöfðingi Frakka og landstjóri í Sýrlandi, lét skjóta á Damascus, hina fornu og frægu borg, og olli þar stórskemmdum. Mæltist það svo illa fyrir, að hann var kallaður heim til Frakklands, að standa reikningskap á því tiltæki. Gengur Frökkum erfiðlega þar eystra. Í Marokkó má heita vopnahlé, sem stendur. Gera haust- og vetrarvingingar þakkað verkum. En báðir ætla að þakka til óspiltra málanna með vorinn.

Rama, konungur í Siam, hinn 6. með því nafni er nýlega látinn, 44 ára gamall. Hann átti að eins eina dóttur barna, og tekur því bróðir hans, Pracha Tipok prins við ríki samkvæmt erfðalögum í Siam. Rama konungur, var hinn mesti framfaramaður á vestrænan hátt, skáld gott; samdi leikrit sjálfur og þýddi leikrit Shakespeare's á móðurmál sitt, og lét leika þau í Bangkok.

Hinn ókrýndi skáldkonungur Englands, Rudyard Kipling, liggur hættulega veikur af lungnabögu og síðast fréttist. Þykir tvísynt um líf hans. Hann er rétt sextugur ef hann lifir 30. des. næstkomandi.

Jarðarför Alexandru drótningar fór fram með mikilli viðhöfn. Gekk Georg Englakonungur á eftir kistu móður sinnar til grafar, en næstir gengu bróðursynir hennar Kristján Danakonungur og Hákon Noregskonungur, ásamt Albert Belgíakonungi. Var og flest stórmenni Bretlands þar samankomið auk ótölulegs grúa lægri sem æðri.

Nobels verðlaunaneindin í Stokk-hólmi hefir látið frá sér heyra, að engum verðlaunum verði útbýtt í ár. Ber nefndin fyrir sig að bæði þyki henni fjar verðlaunaverðir og þar að auki sé stofnunni svo íþyngt með sköttum, að nauðsynlegt sé að bíða til næsta árs með úthýgingu verðlauna. Taka sænsk blöð mjög hart á þessu, og Verner von Heidenstam, mesta skáld Svía núlifandi kveður þetta vera fullkomnið hneyksli og óþolandi slíkt minningarþjóð og Svíar eru. Fimm verðlaun eru veitt árlega fyrir framúrskarandi afrek í eðlisfræði, efnafræði, læknisfræði, bókmenntum og friðarstarfsemi. Er \$40.000 veittir hverjum, sem hefir áttir eru á þenna hátt.

Alþjóðasambandið í Geneva hefir

nýlega sent frá sér 1000. samninginn, sem þar hefir verið gerður, síðan til þess var stofnað. Sýnir það, að iðjulaust hefir það ekki verið. Hefir það þegar gefið út 940 samninga í bókarformi; eru það 35 bindi, hvert 400 blaðsíður. Arlegur prentreikingur sambandsins nemur 200.000 svissneskum frómkum, eða um \$38.600.

Englandskonungur hefir nýlega sámt konu Austin Chamberlain utaríkisráðherra hefurstíðinu "Dame", fyrir þann þátt er hún hafi átt í starfi manns síns, við að koma í gegn Locarno-samningnum. Titill þessi svarar til "Sir", og bera hann að eins fáar konur á Englandi, þar á meðal kona Lloyd George.

Frá Íslandi.

Tið köld, stílt. Afli hærilega göður. Snjólaust, nema hvað lítill hefir gránað í fjöllum.

Í Mýrdal, einkum Vík, varð uppskeran úr gördum í lakara lagi. Ut-sýningsstormar, er komu í sumar og haust, skendu mjög garðana og eyðilagði nokkuð af uppskerunni hjá sumum. Austan Mýrdalsands var uppskeran ágæt.

Séra Friðrik Hallgrímsson flutti langt og skentilegt erindi á aðalfundi félags Vestur-Íslendinga í gærkvöldi, og lýsti þar einkum þeim breytingum, sem orðið hefðu á högunum Íslendinga vestra þau 22 ár, sem hann starfaði þar. Taldi hann flest hafa breyst nema íslenska gestrisni. Hún hefði altaf verið sönn og jöfn. — Í stjórnu voru kosnir: Axel Thorsteinsson (formaður) í stað Eiríks Hjartarsonar, sem beiddist undan endurkosningu, Friðrik Björnsson, skipstjóri, endurkosinn, og ungrú S. Sigurðsson, gjaldkeri. Til var: Hólmfríður Arnadóttir, Susie Bjarnadóttir og Sigríður Sigurðardóttir.

Gunnlaugur Blöndal málari, sem dvalið hefir suður í löndum á þriðja ár, hefir nú öðru sinni komið myndinni á almennu listasýninguna í París. Myndin sem nú er sýnd þar eftir hann hefir "Dansmer frá Montmartre".

Gunnar Gunnarsson hefir gefið út nýja skáldsögu, Skibe paa Himlen, framhald af Leg med Straa. Virðast báðar bækurnar vera upphaf að stóru verki, þar sem skáldið lýsi þroskabrot sinni, — að því er dönsk blöð herma. "Gunnar Gunnarsson er að skrifa mesta verk sitt," endar Tom Kristensen dóm sinn í Politiken. Báðar bækur gerast á Íslandi og lýsa uppaxtarárum hófuðpersónunnar, Ugea Greipssonar.


Guðmundur Kamhan hefir verið ráðinn leikstjóri (instructör) hjá Nórðisk Film C. í Khöfn. Dvelur hann í París um þessar mundir, til þess að kynna sér nýngar í kvímyndagerð.

Minnisvarðar yfir þær frændkonurnar, Þorbjörgu Sveinsdóttur og Ólafíu Jóhannsdóttur, gangast nokkrar konur hér í bæ fyrir að reistir verði.

Sigurði Nardal var fyrir skemstu haldið samsæti í Ósló af 40 vísindamönnum og rithöfundum. Meðal vísstaddir voru tvö mestu núlifandi skáld Norðmanna, að Hamsun frá teknum, nefnilega Hans E. Kinck og Sigríð Undset. Aðalræðna fyrir Nardal hélt Francis Bull prófessor í norskrí bókmentasögu í háskólanum í Ósló. — Nardal er nú, í Svíþjóð, í fyrirlestrarferð og mun vantanlegur hingað heimp fyrir jól.

Jóhannes Gottskálksson

29. júní 1864—12. nóv. 1925.



Sem getið var um hér í blaðinu andaðist nú fyrir stuttu síðan að heimili sínu hér í bæ, 525 Jessie Ave., Jóhannes Gottskálksson, smiður, eftir tæpa sjö daga legu. Jóhannes heitin var með hinum fyrri innflytjendum til þessa bæjar og því alþekktur meðal þeirra er hér hafa búið bæði fyr og síðar. Hann tók seint og snemma mikinn þátt í öllum íslenskum félagsmálum og var hvarvetna vel láttinn og vinsæll. Hís snögga andlát hans varð zettingjum hans og vinum hinn mesti sorgarátburður, er væntu að hann kæmist til heilsu aftur, þrátt fyrir lamaða krafta, því heilsutæpur var hann búinn að vera um all-nokkur ár.

Útför hans fór fram frá heimili hans og kirkju Sambandsafnaðar er hann heyrði til, mánuðaginn 16. nóv. réttum fjórum dögum eftir andlát hans, en hann andaðist að morgni fimtudagsins þess 12.

Við kveðjuathöfnina heima í húsinu flutti séra Ragnar E. Kvaran snildaríðaga ræðu, lýsti lífskjörum hans, baráttu og sigri. Í kirkjunni talaði séra Rognv. Pétursson nokkur orð og gat, við það tækifæri, helstu æftriðna hans. Fjölmenni mikið var við útförina einkum úr hópi hinna eldri, er kynst hafa þeim hjónum um hin mörgu ár er þau hafa búið hér í bænum.

Orstutt æftríð hafið Jóhannes heitin sámið, að eins getið einstakra atburða og er á þessa leið:

"Jóhannes Gottskálksson er fæddur á Ingvaldarstöðum í Kelduneshepp í N. Þingeyjarsýslu 29. júní 1864. Fæðir hans var Gottskálk Jónsson Gottskálkssonar frá Fjöllum í Keldu-lengi bjó í Nýjabæ í sömu sveit, hann til fósturs. Hann var giftur Helgu Gottskálkdóttur, sem var af systir Jóhannesar. Hja þeim var hann í sex eða sjö ár þar til þau fluttust til Ameríku, þá fór hann, aftur til foreldra sinna sem þá voru vinnuhjói á Arnarstöðum. Þar var hann að eins eitt ár; fluttist síðan með foreldrum sínum norður í Valþjófsstaði í sömu sveit til Hallgríms móðurbróður síns. Þar var hann í þrjú ár og á þeim tíma fékk hann undirstöðu undir þessi einföldu mentunaratríði sér þá voru algeng heima, svo sem barnalærdóm, skrift og reikning o. fl.

Eftir að hann fermdist vistadist hann norður í Ásmundarstaði á Sléttu til Jóns Arnasonar, til 3 ára tíma með þeim skilningi að fá að læra trésmíði. Þegar á tími var líðinn fluttist hann til Húsavíkur og var vinnumaður hjá Þórði Guð-johansen sem þá var kaupmaður eða verzlunarfjórði þar. Á þeim tíma misti hann föður sinn og varð þar af leiðandi að taka við að sjá um

May Sawyer.

20. júní, 1910.
4. nóv., 1925.

Í skógarlundi berar bjarkir standa. Öll blómin fallin kaldrar jarðar til. Úr djúpi haustsins daprir stormar anda, sem dauðastunur yfir ljósi og yl.

Í skógarlundi æskuvorsins unga, var áður skrud og vöxtur, líf og skjól. En nóttin kom, hin djúpa, þagnarpunga, og þá varð haust og veður — hvergi skjól.

Er kvöldsins roða nóttin dimma dylur, vér degi þökkum fyrir ljós og yl. En þegar roða morgunfús myrkur hylur, oss mist er alt, sem best oss dreyndi til.

Sem morgunroði í móður, föður geði þú May varst þína fimtán ára stund. Með yndisleik þú öllum varst til gleði. Svo æskupróð með glögga og stíltu lund.

Í skógarlundi vorði unga varstu. Á vetrum jóla, á sumrum ljúfru blær. Með ást og skilning hverja byrði barstu, er báru þeir, sem hjarta stóðu nær.

Þótt létirðu eftir ljós í hverju spori, og ljúfust myndin þín sé geisli hlýr, þú birtist, May, el aftur okkar vori, þó ungur risi maðblómi nýr.

Og því er alt af sami sorgarþunginn, og sorgin eilíf-ný við hverja gróf. Og þessvegna eru sorgarljóðin sungin, sem sigla lífsbát yfir dauðans hóf.

Þar æstu sælu hugsjón hvernar aldar, á himni skapar jarðarbarnsins sál. Þar ástsól skín, er haustið hjá oss tjaldar. Þar huggun eilíf friðar sorgarmál.

En þeim, sem eins og berar bjarkir standa, þú blessun æsta, vertu náðarskjóla. Frá himni þínum sendu ástaranda, og inn í myrkríð ljós frá þínni sól.

P. P. P.

móður sína og tvö systkini sem þá voru kornung. Ekki leist honum á framtíðina heima, var búinn að sjá hóg af fátækt foreldra sinna og annara og langaði ekki til að lenda í því sama — svo eftir þessi tvö ár dreif hann sig til Ameríku með móður sína og systkini og eins og eðlilegt var varð að taka töluvert lán til þess að komast, sem hann endurborgaði strax á næsta ári.

Það var árið 1885 sem hann kom til Canada. Fyrsta veturinn í þessu landi var hann á Gimli, en síðan hefir hann altaf búið í Winnipeg.

Um áramótin 1889—90 giftist hann Sesselu Magnúsdóttur sem áttuð er af Austurlandi og hafa þau eignast 11 börn og þar af eru nú átta á lífi.

Lengra nær ágríp þetta ekki. Börn þeirra eru:

Oskar umboðssali í Edmonton, Alta.

Isabella, gift manni af þýzkum ættum er Harry Manschreck heitir og búa þau í St. James hér vestan af bæinn.

Gustave, smíðstjóri við aðalsíma-stofu ríkisbrautarinnar hér í bæ, kvæntur Valdínu Þorvaldsdóttur Reykdal.

Hann var trúhneigður en á mann-öðulega og skynsama visu. Hann var einn af stofndum Tjaldubúarsafnaðar 1894 og lengst af í forstöðu-nefnd þess safnaðar. Hann tók á kveðning þátt í sameiningartíðrum Tjaldubúarsafnaðarins, og Fyrsta Unitarasafnaðar veturinn 1920—21, er leiddu til myndunar Sambands-safnaðarins í apríl 1921. Kjörlandi sínu Canada unni hann af alhuga og vildi hefir þess og sámið í öllum einum, án þess þó að hann léti sér það nokkru sinni til hugar koma að höggva á ættar og ræktar tengslin við Föðurlandið, er honum var ávalt hugstætt og kært. Hann var göður lífsmaður, hvar sem hann var, trúur og óbríggull, því hann léði engu máli fylgi sitt fyr en það var orðið honum að sannfæringarefni. Hann var ekki fjölmálugur en orðhældinn og vinfastur. Hann var ágætis heimilisfaðir, gestrisinn og glaðvægur við móti við hvern sem að garði bar. Hvaðan honum var þessi skapgerð komin þarí naumast frá að skýra. Hún hefir svo oft og þráfaldlega látið á sér bera hjá landnámsmönnum vorum að eigi er um uppruna hennar að villast. Að lokum skal þess getið að þeir verða fáir er Jóhannes heitnum kynntur er ekki minnst hans með þakklæti og vinarhug.

R. P.